

Föstudaginn 9. dez. 1932.

Nr. 92/1932. **Lárus Jóhannesson, f. h. Ísleifs Jónssonar** (Lárus Jóhannesson)  
 gegn

**Lárusi Fjeldsted, f. h. Köbenhavns Handelsbank A/S og Ágúst Þórarinssyni, f. h. firmans Tang & Riis**  
 (Enginn).

Aðfarargrundvöllur eigi talinn löglegur, úrskurði og fjárnámsgerð hrundið.

*Úrskurður fúgetaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 21. júní 1932: Hin umbeðna fjárnámsgerð á að njóta framgangs.*

#### **Dómur hæstaréttar.**

Þegar mál þetta var þingfest hér fyrir dómi, var mætt af hendi beggja aðilja og málinu frestað eftir samkomulagi þeirra til fyrirtöku aftur í nóvembermánuði. En er málið var fyrirtekið að nýju, mætti engin af hálfu hinna stefndu, og hefir það því verið sótt skriflega og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilskipunar 3. júní 1796.

Firmað Tang & Riis var stofnað á öndverðu ári 1919 af fullábyrgum eigendum þess, Harald Tang og Árna Riis, báðum búsettum í Kaupmannahöfn. Þar hafði firmað aðalskrifstofu og því nær einvörðungu lánsviðskipti sín og lánstraust, en rak verzlun og fiskveiðar í Stykkishólmi, á Sandi og víðar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og lítið eitt í Dalasýslu, og skrásett var það bæði í Kaupmannahöfn og í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Á árinu 1931 var lánstraust firmans í Kaupmannahöfn þorrið, enda vantaði það þá mikið til að eiga

fyrir skuldum. Var reynt til að fá lánardrottna firmans til þess að gefa eftir um 75% af kröfum sínum, en tilraunir þessar reyndust árangurslausar. Fékk þá Lárus Jóhannesson hæstaréttarmálaflutningsmaður lagt löghald á svo að segja allar eignir firmans í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, dagana 7. og 11. maí þ. á. til tryggingar ýmsum kröfum, er hann hafði á firmað sjálfur eða umbjóðendur hans. Meðal þeirra var Ísleifur Jónsson, áfrýjandi þessa máls, og voru þann 11. maí þ. á. kyrsettar fasteignir firmans í Stykkishólmi til tryggingar skuld hans á hendur firmanu, að upphæð kr. 3932,19, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. marz þ. á. Kyrrsetningu þessari var framfylgt með stefnu, útg. 11. maí þ. á. og var hún staðfest með dómi gestaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, uppkveðnum 28. s. m.

Með símskeyti 12. maí þ. á. báðu eigendur firmans Tang & Riis skiptaráðandann í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um að taka eignir þess þar til gjaldþrotaskipta. Beiðni þessari var synjað með úrskurði skiptaráðandans 14. s. m. og var úrskurður þessi staðfestur að niðurstöðu til með dómi hæstaréttar 19. okt. þ. á. Eftir að synjunarúrskurður þessi var uppkveðinn tók hinn meðstefndi Köbenhavns Handelsbank A/S upp það ráð eftir tillögu málflytningmanna sinna hér og í Kaupmannahöfn, að reyna til að fá grundvöll undir aðför í hinum kyrsettum eignum, í því skyni að geta tekið þær fjárnámi á undan áfrýjanda og öðrum, sem eins var ástatt um og áður getur enda má telja víst, að hinar kyrsettu eignir mundu ekki hafa hrokkið fyrir kröfu bankans auk heldur meir. Að tilhlutan bankans veittu eigendur firmans nú

manni einum hér í bæ, sem alls ókunnur var högum þess og öllum málavöxtum, umboð með símskeyti 10. júní þ. á. til þess að mæta f. h. firmans fyrir sáttanefnd Reykjavíkur og undirgangast þar, f. h. þess greiðslu á kröfu bankans. Samtímis veitti bankinn, sem þó lýsti jafnframt yfir því, að hann mundi ekki nota rétt sinn samkvæmt væntanlegu fjárnámi til sérhagsmuna fyrir sjálfan sig, málflutningsmanni einum hér í bænum umboð til af stefna áðurnefndum umboðsmanni firmans fyrir sáttanefnd Reykjavíkur. Sáttakæra var svo útgefin 13. s. m. og málið tekið fyrir á fundi sáttanefndar daginn eftir. Gerðist þar svofeld sátt, að umboðsmaður firmans skuldbindur það til þess að greiða 16. s. m. Köbenhavns Handelsbank A/S d. kr. 150000,00 með 6% ársvöxtum frá sáttakæru- degi og innheimtulaun samkvæmt taxta málflutningsmannafélags Íslands. Greiðslustaður var ákveðinn skrifstofa firmans í Stykkishólmi.

Að greiðslufresti þessum liðnum fór umboðsmaður sáttahafa til Stykkishólms og skilaði kl. 9 að morgni þess 20. júní þ. á. beiðni um aðför samkvæmt sáttinni til tryggingar d. kr. 150000,00 með áðurnefndum vöxtum, auk kr. 4810,00 í innheimtulaun. Áfrýjandi, sem áður hafði munnlega beiðst aðfarar, sendi nú fógeta beiðni um aðför samkvæmt sínum dómi með hraðskeyti sama dag, og kom það til fógeta kl. 10½ árdegis s. d. Hafði fógetarétturinn þá verið settur, en honum var frestað eftir beiðni áfrýjanda, sem kom fyrir fógetaréttinn, er honum var haldið áfram daginn eftir, og mótmælti því að fjárnám samkvæmt kröfu bankans færi fram, áður en fjárnám samkvæmt dómi áfrýjanda yrði gert. Kvað fógeti upp úrskurð

samdægurs á þá leið, að fjárnám samkvæmt kröfu bankans skyldi fram fara. Var svo enn sama dag gert fjárnám í öllum hinum kyrrsettu eignum þar á meðal þeim, er kyrrsettar höfðu verið samkvæmt kröfu áfýjanda 11. maí þ. á., með því að um engar aðrar eignir var raunverulega að tefla, enda hafði firmað Tang & Riis engar ráðstafanir gert til þess, að sáttinni yrði fullnægt, með öðrum hætti.

Fógetaúrskurðinum frá 21. júní þ. á. og eftirfarandi fjánámssgerð hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, útg., 27. júlí þ. á., og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og fjárnámssgerðin ómerkt að því leyti sem hún náði til þeirra eigna, sem kyrrsettar höfðu verið til tryggingar kröfu hans og áður getur, og að hinir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti.

Áfrýjandi byggir ómerkingarkröfu sína á því, að sáttin frá 14. júní þ. á. sé ólögleg, með því að hún sé raunverulega gerð til þess að fara kringum fyrirmæli þau í lögum, er banna ráðstöfun á kyrrsettum munum, sem fara í bág við rétt löghaldshafa. Eins og sést á framansögðu vissi sáttthafi, Köbenhavns Handelsbank A/S, að firmað var orðið ógjaldfært þegar sáttin var gerð, að eignir þess hér, sem einungis var áformað að taka fjárnámi samkvæmt sáttinni, höfðu verið kyrrsettar, þar á meðal þær eignir, sem áfrýjandi hafði látið kyrrsetja, og að firmað hafði beiðst gjaldprotaskipta á þessum eignum öllum. Vegna þessa áforms var farið mjög óvenjulega að um sáttagerðina alla. Samið var um varnarþing hér í Reykjavík, þótt eðlilegra hefði verið að gera sáttina í Kaupmannahöfn, á varnarþingi eigenda firmans eður í Stykkishólmi

á varnarþingi firmans hér á landi. Frestir eru hafðir styttri en venja er til. Upphæðin er hærri en svo, að nokkurt viðlit væri til þess, að áfrýjandi mundi fá nokkuð greitt upp í löghaldskröfu sína, ef sáttthafi fengi rétt yfir eignum þeim, er áfrýjandi hafði látið kyrrsetja. Gjaldalagi er settur aðeins tveimur dögum eftir sáttadag, og greiðslustaður er loks ákveðinn skrifstofa firmans í Stykkishólmi, þar sem vitað var að eigendur þess yrðu ekki til staðar, er fjárnám skyldi fram fara, og ekkert yrði annað, sem máli skipti, til að benda á en hinir kyrrsettu fjármunir. Sáttin er tvímælalaust gerð í því skyni, að eigendur firmans ráðstafi óbeinlínis en þó raunverulega, hinum kyrrsettu eignum, löghaldshafa til tjóns, en öðrum til hagnaðar, enda þótt firmað ætti nokkur óbundin verðmæti í Kaupmannahöfn. Þegar á allt þetta er litið, þá verður ekki betur séð en að eigendur firmans Tang & Riis hafi með sáttagerðinni frá 14. júní þ. á. verið visvitandi að fara í kringum fyrirmæli í islenskum lögum, er leggja bann við ráðstöfun kyrrsettra muna löghaldshafa til tjóns, sbr. N. L. 1—19—17 og 5—3—33. Og þar sem sáttthafa voru allar þessar ástæður kunnar þá verður því fremur að telja margnefnda sátt ólöglega gagnvart áfrýjanda, sem þá hafði fengið löghaldsgerð sína staðfesta með dómi, er ekki hafði þá verið áfrýjað og stóð í fullu gildi. Því gat sáttin ekki orðið löglegur grundvöllur undir aðför í hinum kyrrsettu eignum. Verður þess vegna að taka kröfu áfrýjanda til greina og fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og ómerkja fjárnámsgerðina gagnvart áfrýjanda.

Samkvæmt þessum málsúrslitum þykir rétt að dæma hina stefndu til þess að greiða áfrýjanda

málskostnað in solidum fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð úr gildi felld.

Hinir stefndu, Lárus Fjeldsted, f. h. Köbenhavns Handelsbank A/S og Ágúst Þórarinsson, f. h. firmans Tang & Riis, greiði áfrýjanda, Lárusi Jóhannessyni, f. h. Ísleifs Jónssonar, in solidum kr. 300,00 í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Hrm. Lárus Jóhannesson hefir mótmælt að hin umbeðna fjárnámsgerð fái framgang.

Rétturinn getur eigi litið svo á, að firmað Tang & Riis hafi firt sig heimild til þess að gera sátt eins og þá, sem hér um ræðir, þótt það hafi reynt að ná samningum við lánardrottna sína um eftirgjöf á skuldum eða þótt það hafi óskað eftir því, að bú þess yrði tekið til gjaldþrotaskipta hér í Stykkishólmi, en verið synjað um það. Getur að visu verið, að stjórnendur firmans hafi með sáttagerðinni gerzt brotlegir við lög á þann hátt, að talið yrði, að þeir með henni dragi um of taum þess skuldheimtumanns, sem sáttin er gerð við, en samt sem áður virðist ekki ástæða til að synja um framgang gerðarinnar, þar sem þeim skuldheimtumönnum, sem telja á sig hallað með sáttagerðinni, er nægilega tryggður réttur, er þeir samkv. 22. gr. gjaldþrotaskiptalaganna geta tryggt sér, að fjárnámsgerðin falli niður með því að gera firmað gjaldþrota eða eigendur þess.

Þá getur rétturinn ekki litið svo á, að skuldareiganda og skuldara hafi brostið heimild til þess að semja um að mál út af skuldinni skuli rekið í Reykjavík og lagt til sátta þar. Það er víst að mál út af skuldinni mátti reka í Stykkis-

hólmi og sýnist þá samkv. isl. lögum engin sennileg ástæða fyrir því að aðiljar eigi geti samið um að reka þau í Reykjavík.

Þá hefir Lárus Jóhannesson hrm. mótmælt framgangi gerðarinnar, af því að hún sé eigi byrjuð á heimili eigenda og telur, að hún hafi átt að byrja í Danmörku á heimili eigenda firmans Tang & Riis, en þau mótmæli verða eigi tekin til greina, þar sem viðurkennt er, að firmað Tang & Riis á firmavarnarþing í Stykkishólmi, og auk þess má byrja aðför hjá því hér í Stykkishólmi, þar sem það á eignir hér.

Lárus Jóhannesson hefir mótmælt umboði Anton Jacobsen til þess að mæta við sáttagerðina, en requirerent hefir með réttarskjali nr. 5 sannað, að maður þessi hafði fullkomið umboð frá Tang & Riis til þess að gera sáttina. Getur yfirlýsing Anton Jakobsen á réttarskjali nr. 4 á engan hátt hnekk't því umboði.

Samkvæmt framansögðu getur rétturinn eigi neitað um framgang fjárnámssgerðarinnar samkv. hinni framlögðu sáttagerð, gerðri fyrir sáttanefnd Reykjavíkur, af mönnum, sem höfðu fullt umboð til þess að gera hana.

Þá hefir Lárus Jóhannesson krafizt þess, að fjárnám það, sem um er beðið, verði eigi gert fyrr en gert hefir verið fjárnám fyrir hann í eignum firmans Tang & Riis, sem löghald var lagt á 7. og 11. f. m. með 10 löghaldsgerðum samkv. dómum í málinu til staðfestingar löghaldsgerðunum, er gengu 28. f. m. Byggir hann kröfu sína á því, að hann hafi 4. þ. m. í símtali beðið fógetann að framkvæma fjárnám eftir dómunum, en fógetinn færst undan að gera fjárnámið þá og óskað eftir því að fjárnámssgerðirnar yrðu ekki framkvæmdar fyrr en eftir 18. þ. m., þar sem hann vegna embættisanna við undirbúning undir manntalsþing eigi gæti framkvæmt þau fyrr.

Kveðst hann hafa fallizt á að biða með framkvæmd fjárnámanna, en svo hafi hann í gærmorgun frétt, að requirerentarnir voru búnir að leggja fram beiðni um fjárnám, endurtekið fjárnámsbeiðni sína frá 4. þ. m. með símskeyti rjskj. 3.

Samkvæmt 3. gr. aðfararlaganna frá  $\frac{1}{11}$  1887 skal biðja skriflega um aðför, ef skuldarupphæðin fer fram úr 200 krónum. Verður því rétturinn að líta svo á, að fjárnáms-

beiðni Lárusar Jóhannessonar í samtali við fúgetann geti eigi talizt nægja til þess að beiðni hans skoðist framkomin fyrr en fjárnámsbeiðni requirents.

Verður því eigi af þeirri ástæðu fjárnám samkv. dómum þeim, er hann hefir, látið ganga á undan hinu umbeðna fjárnámi requirents.

Hinsvegar virðist hægt að skoða símskeyti hans, rjskj. 3, sem skriflega fjárnámsbeiðni, er fullnægi kröfum 3. gr. aðfararlaganna. Er sú beiðni hans framkomin kl. 10½ f. h. mánudaginn 20. þ. m., en beiðni requirentsins kl. 9 f. h. sama dag. Ber því að lita á það hvort hægt sé að telja, að fjárnámsbeiðni requirents og Lárusar Jóhannessonar séu samtímis framkomin og hvort því sé heimilt samkvæmt norskulaga 1—22—22 að láta fjárnám til fullnustu dómum þeim, er Lárus hefir, fram fara á undan fjárnámi til fullnustu sáttar þeirrar, er requirent hefir. Er það að vísu svo, að mjög stutt líður á milli framkomu fjárnámsbeiðnanna, þar sem eigi er nema um 1½ klukkustunda munur á því hvenær þær koma fram. En hinsvegar var fúgetarétturinn á þeim tíma búinn að taka til meðferðar kröfu requirents og byrjað að framkvæma fjárnámsgerð til fullnustu henni, þótt þeirri fjárnámsgerð eigi væri komið það langt, að farið væri að leggja fjárnám á nokkrar ákveðnar eignir.

Fúgetarétturinn verður að lita svo á, að fjárnámsbeiðni sú, er fram kemur eftir að byrjuð er fjárnámsgerð eftir annari fjárnámsbeiðni, verði eigi talin þeirri samtímis framkomin. Verður því samkvæmt þessu eigi tekin til greina krafa Lárusar Jóhannessonar um að fjárnám verði gert til fullnustu dómum þeim, er hann hefir, áður en gert er fjárnám eftir sátt þeirri, er requirent hefir.

Einnig verður samkvæmt framansögðu, að vísa á bug þrautavarakröfu Lárusar Jóhannessonar, enda mundi varakrafa hans um að hans fjárnám gengi á undan fjárnámi requirents verða tekin til greina, ef sami skilningur væri lagður í orðið „samtímis“ eins og hann virðist leggja þar.

Þá hefir Lárus Jóhannesson krafizt þess, að lögð væri löggeymsla á þær eignir requirents, er hann hefir áður lagt löghald á fyrir dómkröfum hans, áður en gert yrði fjárnám í þeim fyrir requirent, og hefir hann til stuðnings þeirri kröfu sinni bent á fyrirmæli norskulaga 1—22—24.

En þegar af þeirri ástæðu, að dómum þeim, er hann hefir á hendur requirant, hefir eigi verið áfrýjað, verður þessi krafa hans eigi tekin til greina.

---

Föstudaginn 9. dez. 1932.

Nr. 91/1932. **Lárus Jóhannesson, f. h. Magnúsar Jónssonar** (Lárus Jóhannesson)

gegn

**Lárusi Fjeldsted, f. h. Köbenhavns Handelsbank A/S og Ágúst Þórarinssyni, f. h. firmans Tang & Riis**

(Enginn).

Aðfarargrundvöllur eigi talinn löglegur, úrskurði og fjárnámsgerð hrundið.

*Úrskurður fúgetaréttar Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu 21. júní 1932:* Hin umbeðna fjárnámsgerð á að njóta framgangs.

### Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var þingfest hér fyrir dómi, var mætt af hendi beggja aðilja og málinu frestað samkvæmt samkomulagi þeirra til fyrirtöku aftur í nóvembermánuði. En er málið var fyrir tekið af nýju, mætti enginn af hálfu hinna stefndu, og er málið því sótt skriflega samkvæmt 1. tölul. 38. gr. hæstaréttarlaganna og dæmt eftir N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Firmað Tang & Riis var stofnað á öndverðu ári 1919 af fullábyrgum eigendum þess Harald Tang og Árna Riis, báðum búsettum í Kaupmannahöfn. Þar hafði firmað aðalskrifstofu og því nær einvörðungu lánsviðskipti sín og lánstraust, en rak